

Nr. 152 / 11 Sæbjörn ÍS 121**Skipverji slasast við fall**

Skipaskr.nr. 1862
Smíðaður: Hafnarfirði 1987, stál
Stærð: 11,3 brl. 21,1 bt.
Mesta lengd: 13,63 m Skráð lengd: 13,37 m
Breidd: 3,81 m Dýpt: 1,9 m
Vél: Mitsubishi 178 kW, 2004
Fjöldi skipverja: 2



Sæbjörn©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 3. febrúar 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 15. desember 2011 var Sæbjörn ÍS 121 við bryggju á Ísafirði.

Skipverji um borð ætlaði að fara upp á bryggju og steig á lunninguna en þegar hann ætlaði að stíga þaðan upp á bryggjuna missti hann fótanna, féll niður og lenti með hægri síðuna á lunningunni.



Myndin sýnir vettvang. Mynd©Lögreglan

Farið var með skipverjann á sjúkrahús og reyndist hann óbrotinn en sennilega brákaður.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði hafði verið uppi á bryggju en farið um borð til að sækja gogg en féll þegar hann var á leið aftur upp á bryggju;
- að töluverður snjór var á bryggjunni;
- að skipverjinn taldi orsök atviksins vera þá að snjór hefði verið fastur undir stígvélum hans þegar hann steig á lunninguna;
- að sögn slasaða var lunning bátsins í svipaðri hæð og bryggjukanturinn þegar skipverjinn ætlaði að stíga yfir á hann;
- að lögregla kom á staðinn skömmu eftir að slasaði hafi verið fluttur á sjúkrahús. Samkvæmt skýrslu lögreglu og ljósmyndum af vettvangi lá báturinn neðar en bryggjukanturinn þannig að klifra hefði þurft upp úr bátinum.
- að skipverjinn var í góðum og viðurkenndum skófatnaði.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.